



Kristjana Stella Blöndal ver doktorsritgerð sína í uppeldis- og menntavísindum við Uppeldis- og menntunarfræðideild á Menntavísindasviði Háskóla Íslands:



„Skuldbinding nemenda til náms og brotthvarf úr framhaldsskóla: Þáttur uppeldisaðferða foreldra“

föstudaginn 12. júní kl. 13 í Hátíðasal Háskóla Íslands

Andmælendur eru dr. Russell W. Rumberger, prófessor við University of California, Santa Barbara, Bandaríkjunum og, dr. Susie Lamborn, dósent við University of Wisconsin, Bandaríkjunum

Leiðbeinandi var dr. Sigrún Aðalbjarnardóttir, prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Aðrir í doktorsnefnd voru dr. Jón Torfi Jónasson, prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og dr. Pamela Davis-Kean, dósent við University of Michigan, Bandaríkjunum

Dr. Ólafur Páll Jónsson, dósent og vara deildarforseti Uppeldis- og menntunarfræðideildar við Menntavísindasvið, stjórnar athöfninni

Allir velkomnir

Fimmtudaginn 12. júní 2014, kl. 13 fer fram doktorsvörn frá Uppeldis- og menntunarfræðideild við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Þá ver Kristjana Stella Blöndal doktorsritgerð sína. Verkefnið ber heitið Skuldbinding nemenda til náms og brotthvarf úr framhaldsskóla: Þáttur uppeldisaðferða foreldra. Enska heitið er Student Disengagement and School Dropout: Parenting Practices as Context.

Um verkefnið

Skuldbinding nemenda til náms og brotthvarf úr framhaldsskóla: Þáttur uppeldisaðferða foreldra.

Í ljósi aukinnar áherslu á menntun í samfélaginu eru þau ungmenni sem ekki ljúka framhaldsskóla verr stödd nú en áður fyrr. Meginmarkmið þessarar doktorsritgerðar (180 ECTS) er að auka þekkingu og skilning á brotthvarfi frá námi. Byggt er á langtímarannsókn meðal íslenskra ungmenna. Bæði kenningar um brotthvarf, þar sem lykilhugtakið er skuldbinding til náms og skóla, og kenningar um áhrif uppeldisaðferða á aðlögun ungmenna liggja að baki verkinu. Niðurstöðurnar eru birtar í alþjóðlegum vísindaritum (Kristjana Stella Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2009, 2012, 2014 í prentun).

Meginniðurstöður benda til þess að skuldbinding nemenda til náms og skóla og hvernig hún þróast við lok grunnskóla segi fyrir um hve líklegir þeir eru til að hafa lokið framhaldsskóla átta árum síðar, við 22 ára aldur. Önnur meginniðurstaða er að uppeldisaðferðir foreldra á unglingsárum spái fyrir um hversu líkleg ungmennin eru til að hafa lokið framhaldsskóla við 22 ára aldur. Á þessum árum, sem einkennast af sálfélagslegum og líkamlegum breytingum, standa ungmennin frammi fyrir mikilvægum ákvörðunum er lúta að menntun þeirra; val á námi og skóla á nýju skólastigi. Á sama tíma aukast námskröfurnar og skólaumhverfið verður flóknara og oft ópersónulegra. Samskipti foreldra og barna, sem einkennast af tilfinningalegum stuðningi og gagnkvæmri virðingu, þar sem foreldrarnir setja börnum sínum mörk með útskýringum og hvetja þau til að hugsa sjálfstætt, geta auðveldað ungmennunum að takast á við þessar áskoranir með því að ýta undir jákvæða skólahegðun og tilfinningar í garð náms og skóla. Draga má þá ályktun að til að auka skilning á þeim áhrifum sem foreldrar hafa á menntun barna sinna sé mikilvægara að beina athyglinni að uppeldisaðferðum foreldranna í stað afmarkaðri þátta sem tengjast beint skólagöngu. Þessar niðurstöður ættu að vera foreldrum hvatning og veita þeim leiðsögn í því þýðingarmikla hlutverki þeirra að styðja börn sín til að ná árangri í námi á unglingsárum.

Enska

Student Disengagement and School Dropout: Parenting Practices as Context

In our modern knowledge-based societies young people who do not complete upper secondary education face more disadvantage than ever before. The main purpose of this thesis (180 ECTS) is to examine school dropout among Icelandic youth longitudinally, from two perspectives: theories on school dropout that conceptualize students' disengagement as the central concept in understanding the process of leaving school

prematurely; and theories on the influence that the family has on youth adjustment from the perspective of parenting practices. The findings are presented in journal articles (Blondal & Adalbjarnardottir, 2009, 2012, 2014 in press).

The main findings indicate that adolescents' behavioral and emotional disengagement and how it develops at the end of lower secondary school predicts educational attainment eight years later. Another essential main finding is that parenting practices during early adolescence predict how likely it is that their children have completed upper secondary school at age 22. During this challenging period of adolescence characterized by psychosocial and biological changes, young persons have to make critical decisions about their education. In addition they have to adjust to increased academic challenges as well as more complicated, less structured, and often more impersonal school environments than they experience in the lower grades. The findings suggest that a parent-child relationship characterized by emotional support and mutual respect, in which the parents impart clear standards for their child's behavior but at the same time grant autonomy, may buffer against the educational challenges in adolescence by fostering their child's positive school behavior, along with positive feelings towards their studies and bonding with school. The findings indicate that in order to increase understanding of the influence of parents in their child's education it is more important to focus on parenting practices than specific behaviors depicted in parental involvement in their child's education. These findings should give parents encouragement and guidelines in their important role of supporting their children's educational success during adolescence.

Um doktorsefnið

Kristjana Stella Blöndal fæddist árið 1964. Hún lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri árið 1984, BA prófi í uppeldisfræði frá félagsvísindadeild HÍ árið 1991, diplómagráðu í Námsráðgjöf við félagsvísindadeild HÍ árið 1992 og Meistarapróf í uppeldis- og menntunarfræði frá félagsvísindadeild HÍ árið 1996. Hluta þess náms var hún gestanemandi við Harvard Graduate School of Education í Cambridge, Bandaríkjunum. Stella hefur stafað sem lektor í Meistaránámi í náms- og starfsáðgjöf í Félags- og mannvísindadeild HÍ frá 2009. Hún vinnur að rannsóknum á námsferli og námsgengi ungmenna, brotthvarfi þeirra frá námi og skilvirkni framhaldsskóla. Stella er virkur þátttakandi í víðtæku alþjóðlegu og innlendu samstarfi í menntarannsóknum. Hún hefur jafnframt þróað aðferðir til að styðja við nemendur í brotthvarfshættu sem hafa verið nýttar héraendis og erlendis. Stella vann um árabíl á Félagsvísindastofnun HÍ og var aðstoðarforstöðumaður á árunum 2002-2007. Stella á tvö börn, þau Halldór Reyni Tryggvason og Ragnheiði Davíðsdóttur.